

1. janúar 1965, með 6% ársvöxtum af kr. 500.811.51 frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags og kr. 70.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. apríl 1968.

Nr. 174/1967. **Ásta Stefánsdóttir Björnsson**

(Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

Birni G. Björnssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Synjað lögtaks á lífeyrisgreiðslum.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi, sem fengið hefur gjafsókn fyrir Hæstarétti, hefur áfrýjað málinu með stefnu 6. nóvember 1967. Hún gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, að lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak það, sem í málinu greinir, og svo að stefnda verði dæmt að greiða henni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál þar.

Stefndi krefst staðfestingar fógetaúrskurðarins og málskostnaðar hér fyrir dómi úr hendi áfrýjanda.

Hinn 26. maí 1948 gerðu aðilar með sér samkomulag um skilnaðarkjör sín, þar á meðal um greiðslu lífeyris úr hendi stefnda áfrýjanda til handa. Í leyfisbréfi til lögskilnaðar aðilja 24. júní 1948 staðfesti dómsmálaráðuneytið ákvæði greinds samkomulags um lífeyrisgreiðslur stefnda. Með bréfi 25. janúar 1966 lýsti ráðuneytið því samkvæmt beiðni stefnda 14. desember 1965, „að meðlagsgreiðslan falli niður

frá 1. janúar 1966 að telja“. Í þessari ákvörðun felst, að niður er felld staðfesting ráðuneytisins á lífeyrissamningi aðilja. Að svo komnu fylgir lífeyriskröfu áfrýjanda eigi lögtaksréttur, sbr. 6. tölulið 1. gr. laga nr. 29/1885. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Eftir málavöxtum þykir málskostnaður fyrir Hæstarétti eiga að falla niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, Ástu Stefánsdóttur Björnsson, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun talsmanns hennar, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 14. ágúst 1967.

Gerðarbeiðandi, Ásta Stefánsdóttir Björnsson, Hávallagötu 38, hefur krafizt þess, að lögtak fari fram hjá gerðarþola, Birni G. Björnssyni, til tryggingar lífeyrisskuld að upphæð kr. 61.762.96 með 12% ársvöxtum frá 1. apríl 1967 til greiðsludags svo og til tryggingar kostnaði við lögtakið, þar á meðal málskostnaði við fógetarétt.

Í greinargerð gerðarþola var þess krafizt, að synjað verði um framgang lögtaks og að gerðarþola verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi gerðarbeiðanda. Ekki var mætt af hálfu gerðarþola, er málið skyldi munnlega flutt hinn 6. júlí s.l., og kom fram sóknarskjal af hálfu gerðarbeiðanda hinn 7. sama mánaðar, og var málið þá tekið til úrskurðar. Uppkvaðning úrskurðar hefur dregizt vegna annríkis við embættið.

Hjónin Ásta og Björn G. Björnsson fengu leyfi dómsmálaráðuneytisins til algerðs skilnaðar hinn 24. júní 1948, sjá rskj. 2 í máli þessu. Höfðu þau þá nýverið gert með sér samning um skilnaðarskilmála, sjá rskj. 4, og vísast til þess skajls um eigna-

skipti, en þar segir að auki, að maðurinn skuli greiða konunni kr. 700.00 á mánuði í lífeyri næstu 5 ár, en síðan kr. 400.00 á mánuði, hvort tveggja að viðbætti dýrtíðaruppbót. Síðastnefnt greiðslusamkomulag er í hverri grein staðfest í leyfisbréfinu og ákveðið, að greiðslur falli á 1. hvers mánaðar fyrir fram, í fyrsta skipti 1. júní 1948.

Gerðarþoli hefur snúið sér til dómsmálaráðuneytisins með bréfi, dags. 14. desember 1965, og óskað þess, að ráðuneytið felli niður framannefndar greiðslur af hans hálfu til gerðarbeiðanda frá og með 1. október þ. á. Getur hann þess í bréfi þessu, sem hefur verið lagt fram í máli þessu sem rskj. 7, að gerðarbeiðandi hafi fengið í sinn hlut mestan hluta eigna félagsbús þeirra, og bendir jafnframt á, að hann hafi stofnað heimili á ný.

Það liggur fyrir, að ráðuneytið sendi gerðarbeiðanda erindi þetta til umsagnar hinn 22. desember 1965, sjá rskj. 8. Enn fremur liggur fyrir, að gerðarbeiðandi lét undan fallast að segja álit sitt um það. Hinn 25. janúar 1966 svaraði ráðuneytið mála-leitan gerðarþola á þann veg, að fallizt var á, að meðlagsgreiðslur af hans hendi skyldu falla niður frá og með 1. janúar 1966. Visast þar til rskj. 9 í máli þessu.

Fram hefur komið í málinu sem rskj. 12 bréf umboðsmanns gerðarbeiðanda til dómsmálaráðuneytisins, dagsett 22. apríl 1966. Er þess beiðzt í bréfi þessu með tilvísun til málavaxta, að ráðuneytið fallist á, að málefni þetta verði endurupptekið til nýrrar ákvörðunar og að aflað verði gagna þar að lútandi, en máls-útlistun gerðarþola á rskj. 7 er jafnframt mótmælt sem rangri.

Dómsmálaráðuneytið hefur ekki orðið við þessum tilmælum umboðsmanns gerðarbeiðanda.

Þannig hefur gerðarþoli ekki greitt gerðarbeiðanda lífeyri frá og með 1. janúar 1966. Með bréfi til fógetaréttar Reykjavíkur, dags. 6. maí s.l., krefst gerðarbeiðandi lögtaks í eignum gerðarþola til tryggingar lífeyrisskuld, sem nú nemur, sbr. útreikning á rskj. 5, kr. 61.762.96 pr. 30. apríl 1967. Var tíðkanlegur lögtaks-úrskurður ritaður á leyfisbréfið á rskj. 2 hinn 27. apríl 1967 og birtur fyrir gerðarþola daginn eftir. Krefst gerðarbeiðandi 12% ársvaxta af lögtaksupphæðinni frá og með 1. apríl 1967 til greiðsludags.

Af hálfu gerðarbeiðanda er rakinn gangur mála, frá því er gerðarþoli óskaði niðurfellingar á meðlagsskyldu. Málflutningur gerðarþola borinn fram við ráðuneytið hafi verið rangur varðandi hag hans. Bréf ráðuneytisins, rskj. 9, sé auk þess lögleysa,

og er vitnað til 79. gr. laga nr. 39/1921 í því sambandi, en þar segi, að samkomulagi um skilnaðarkjör geti dómstólar hrundið, ef það sé bersýnilega ósanngjarnt, og sé málshöfðunarfrestur 6 mánuðir frá lögskilnaði. Hafi þessi frestur runnið út 24. desember 1948, að því er aðilja máls þessa áhræri, en dómsmálaráðuneytið hafi alls enga heimild til að breyta samkomulagi um fjárhagsleg skilnaðarkjör.

Gerðarþoli vefengir, að lögtaksheimild sé fyrir hendi, enda sé svo, að framfærslueyrir sá, sem lögtaks er krafizt fyrir, hafi ekki hlotið staðfestingu yfirvalds, svo sem krafizt sé í 6. tl. 1. gr. laga nr. 29/1885. Þá hafi dómsmálaráðuneytið fellt niður greiðsluskyldu gerðarþola frá og með 1. janúar 1966 og hafi þar haft fyrir sér heimild í 78. grein laga nr. 39/1921 og sé fógetaréttur ekki bær um að hreyfa við þessari ákvörðun ráðuneytisins, þar eð það hljóti að hafa alveg frjálst mat um það, hvort hagur aðilja hafi breytzt nægilega, til þess að rétt sé að undanþiggja hann framfærsluskyldu. Raunar meggi og telja, að gerðarbeiðandi hafi samþykkt þessa ráðstöfun með því að veita ekki umsögn sína um erindi gerðarþola, er ráðuneytið krafði hana þess.

Að öðru leyti minnir gerðarþoli á það, að gerðarbeiðandi hafi síður en svo verið vanhaldin í skiptum þeirra. Hún hafi fengið mestallar eignir félagsbúsins við skilnaðinn og hafi komizt mjög vel af síðan. En gerðarþoli skýrir svo frá, að tekjur hans hafi rýrnað og fjárhagur hans versnað og hagur hans sé ótryggur. Þá kveðst gerðarþoli hafa greitt gerðarbeiðanda alls kr. 456.032.00 í lífeyri, frá því er skilnaður þeirra varð, en ætti samkvæmt útreikningnum á rskj. 5 að hafa greitt annað hvort kr. 402.892.48 eða kr. 450.501.37. Áskilur hann sér allan rétt í þessu sambandi, þar á meðal til skuldajafnaðar, ef lögtakskrafan yrði tekin til greina. En að öðru leyti vefengir hann útreikning þennan.

Af hálfu gerðarbeiðanda er framangreindum rökstuðningi gerðarþola mótmælt í hverri grein. 78. grein laga nr. 39/1921 eigi hér ekki við, heldur 79. gr., 1. mgr., þar eð samningur hafi komizt á um lífeyri, og hafi dómsmálaráðuneytið því enga heimild til að fella samning þennan úr gildi. Um þetta eigi dómstólar úrskurð samkvæmt 60. gr. stjórnarskrárinnar. Lögtaksheimild fullnægi öllum skilyrðum laga og hafi dómsmálaráðuneytið ákveðið framfærslueyri í samræmi við þar um gerðan samning aðilja.

Eins og að framan getur, hefur dómsmálaráðuneytið látið svo um mælt, að greiðsluskylda gerðarþola skuli falla niður frá og

með 1. janúar 1966. Þessi ákvörðun ráðuneytisins hefur ekki verið tekin til nýrrar athugunar, svo að séð verði.

Í 78. grein laga nr. 39/1921 segir, að ef breytist kjör foreldra eða þörf barna, megi stjórnarráðið breyta ákvörðun um framfærslu foreldris á hinu eða börnunum, krefjist annað foreldra þess. Telja verður að hér sé dómsmálaráðuneytinu fengið frjálst mat þess, hvort kjör aðilja hafi breytzt á þann veg, að rétt sé að fella niður greiðsluskyldu þá, er það hefur ákveðið í leyfisbréfi, og að dómstólar eigi ekki úrskurð um lögmæti slíkrar ályktunar.

Þykir því ekki heimilt að láta umbeðið lögtak ná fram að ganga. Rétt er að málskostnaður falli niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan

Því úrskurðast:

Lögtaksgerð þessi fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 4. apríl 1968.

Nr. 53/1968. **Ræsir h/f**

gegn

Valgeiri Helgasyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu samkvæmt heimild í 21. gr. laga nr. 57/1962 til Hæstaréttar með kæru 26. febrúar 1968, er barst dóminum 19. f. m. Krefst sóknaraðili þess, að frávísunardómi, sem upp var kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 31. janúar s.l., verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að dæma málið af efni til. Þá krefst hann og kæru-